

136 **Brjef stjórnarráðsins til landlæknis viðvíkjandi eftirliti hjer-
aðslækna með yfirsetukvennaverkfærum.**

3. des.

Í brjefi, dagsettu 20. f. m., hafið þjer, herra landlæknir, látið þess getið, að þjer hafið orðið þess var, að verkfæri yfirsetukvenna endist illa; þær fari margar illa með verkfæri sin, skemmi þau og týni þeim, svo að ný verkfæri sjeu oft glötuð eða lítt nýtileg eftir fá ár, og þá heimtuð ný verkfæri — eða yfirsetukonur sitji árum saman með ónýt áhöld; verkfæri sin hafi yfirsetukonur hingaðtil fengið hjá sýslumönnum eftir ráðstöfun stjórnarráðsins, en yður virðist haganlegra, að læknar annist þetta, taki við verkfærum þeirra yfirsetukvenna, sem frá fari, og útvegi ný verkfæri þar sem þess þarf. Til þess nú að yfirsetukonur hafi jafnan nýtileg verkfæri og fari vel með þau, teljið þjer nauðsynlegt, að hjeraðslæknir skoði verkfærin einu sinni á ári, og að yfirsetukonum sje gjört að skyldu að halda við verkfærunum, kaupa ný áhöld í stað þeirra, sem þær glati eða ónýti, sbr. niðurlag 4. gr. yfirsetukvennalaga 17. desbr. 1874.

Með því að stjórnarráðið verður að fallast á framangreint álit yðar, er yður samkvæmt tillögum yðar hjermeð falið:

- 1) að leggja fyrir yfirsetukonur landsins að halda við verkfærum sínum, sýna þau hjeraðslækni hvenær sem hann krefst þess, og afhenda honum þau, er þær láta af yfirsetustarfinu í því umdæmi, er þær hafa verið í skipaðar;
- 2) að taka ný verkfæri hjá lyfsalanum í Reykjavík, — sem undanfarið hefir útvegað þessi verkfæri, — í ný umdæmi og í þau umdæmi, þar er hjeraðslæknar finna ónýt verkfæri eða úrelt, og
- 3) að leggja fyrir hjeraðslækna landsins að skoða öll yfirsetukvennaverkfæri, hver í sínu hjeraði á hverju ári, og að öðru leyti hafa það eftirlit með þeim, sem þjer teljið nauðsynlegt.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og eftirbreytni.

137
30. nóv

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykt fyrir Geithellahrepp í Suðurmúlasýslu.

Samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905 um heilbrigðissamþyktir fyrir bæja- og sveitafjelög er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykt fyrir Geithellahrepp í Suðurmúlasýslu, sem samín hefir verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþyktin hefir gildi fyrir Geithellahrepp.